

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna við samruna og skiptingu).

Frá viðskiptanefnd.

1. I. kafli orðist svo:
  - a. (1. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

    - a. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr.
    - b. Í stað orðanna „enn fremur“ í 4. mgr. kemur: ætíð. :
  - b. (2. gr.)

Í stað „4. mgr. 122. gr.“ í 1. og 2. mgr. 123. gr., fyrri málslið 4. mgr. 124. gr., 1. mgr. 126. gr., 3. mgr. 129. gr. og 1. másl. 1. mgr. 151. gr. laganna kemur: 5. mgr. 122. gr.
  - c. (3. gr.)

Í stað „1.–3. mgr. 122. gr.“ í 130. gr. laganna kemur: 122. gr.
  - d. (4. gr.)

Í stað orðanna „133. gr. a – 133. gr. f“ í 2. mgr. 133. gr. a og 4. mgr. 133. gr. g laganna kemur: 133. gr. a – 133. gr. c og 133. gr. e – 133. gr. f.
  - e. (5. gr.)

133. gr. d í lögnum fellur brott.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

4. mgr. 97. gr. laganna orðast svo:

Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að gerð sé skýrsla um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr. Þó skal ætíð gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunnir að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.
3. Orðin „eða 5.“ í a- og b-lið 12. gr., 14. gr. og 15. gr. falli brott.
4. Við 13. gr.
  - a. Í stað orðanna „yfirlýsingu endurskoðanda skv. 4. eða 5. mgr. 97. gr.“ í a-lið komi: yfirlýsingu skv. 4. mgr. 97. gr.
  - b. B-liður orðist svo: 5. tölul. 5. mgr. orðast svo: skýrsla og yfirlýsing skv. 97. gr.